

Afgreiðsla burðarþolsmats og áhættumats erfðablöndunar skv. lögum nr. 111/2021, sbr. lög nr. 105/2006.

Hvernig voru umhverfissjónarmið felld inn í áætlanirnar?

Hafrannsóknastofnun og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (nú matvælaráðuneytið) felldu umhverfissjónarmið inn í burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar á þrjá vegu:

- Við mótun tillagna um burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar á Vestfjörðum og Austfjörðum var horft til laga og reglugerða um fiskeldi. Í umhverfismati áætlanna var m.a. litið til laga og reglugerða sem snúa að umhverfi, náttúruvernd, menningarmínjar og heilsu, auk margvíslegra stefna stjórnvalda í umhverfismálum. Lög og reglur höfðu því bein áhrif á mótun áætlanna.
- Höfð var hliðsjón af öðrum áætlunum og alþjóðlegum samningum sem fela í sér umhverfissjónarmið.
- Unnið var umhverfismat í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sem tryggði að litið var til umhverfissjónarmiða, ábendinga og athugasemda um áætlanir og umhverfismat, lagðar voru til aðgerðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og yfirlit um tillögur að eftirfylgni og vöktun í kjölfar birtingar og samþykktar áætlanna.

Hvernig hliðsjón var höfð af umhverfismatsskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma?

Megintilgangur matsvinnunnar er að tryggja að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða við ákvarðanir um burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar, draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif og upplýsa um hugsanlegar afleiðingar af framfylgd þessara áætlana á umhverfið.

Umhverfismatið var unnið fyrir burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar skv. lögum nr. 111/2021 og hafði það áhrif í áætlanaferlinu. Umhverfismatið tók til áhrifa á samfélag og umhverfi, gaf þeim vægiseinkunn og í samræmi við þær voru gerðar tillögur um mótvægisáðgerðir og vöktun. Niðurstaða umhverfismatsins er að áhrif af burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar á Vestfjörðum og Austfjörðum geti verið margvísleg, bæði jákvæð og neikvæð. Helstu mögulegu jákvæðu áhrifin snúa að atvinnulífi og íbúapróun en möguleg neikvæð áhrif eru á lífríki og ástand sjávar. Til að stuðla að því að neikvæðu áhrifin verði eins lítil og unnt er þarf að tryggja áframhaldandi vöktun og líta til fjölbreyttra mótvægisáðgerða.

Við gerð áætlana burðarþols og áhættumats erfðablöndunar hafa Hafrannsóknastofnun og ráðuneytið í umhverfismatsskýrslu sett fram viðmið, umfang og skilmála sem ber að fylgja við framfylgd þessara áætlana, ásamt því að útlísta hvaða umhverfisþætti ber að skoða í umhverfismati framkvæmda, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum áætlana og framkvæmda nr. 111/2021, svo dregið veri úr neikvæðum umhverfisáhrifum sjókvíaeldis.

Í kynningu á tillögum að burðarþolsmati fjarða, áhættumati og umhverfismatsskýrslu komu fram ýmsar ábendingar og athugasemdir. Gerð er ítarleg grein fyrir þeim í sérstakri greinargerð ásamt því hvernig var brugðist við þeim. Athugasemdir og viðbrögð við þeim verða aðgengileg öllum. Í kjölfar kynningartímans hefur umhverfismatsskýrslan verið uppfærð, þar sem m.a. var bætt við umfjöllun um fisksjúkdóma, forsendur áhættumats, tilvísun í nýlegar heimildir og skýrari samantekt umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða.

Það er í fyrsta sinn sem umhverfismat samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana er unnið fyrir áætlanir um burðarþol og áhættumat. Það má því gera ráð fyrir því að nálgun og umfang umhverfismatsins þróist þegar breytingar verði á burðarþols- og áhættumati. Almennt hefur kynning á tillögum og umhverfismatsskýrslu skerpt á allri umfjöllun um forsendur áætlana og umhverfismati.

Rökstuðningur fyrir endanlegum áætlunum um burðarþol og áhættumat erfðablöndunar

Niðurstaða umhverfismatsins er slík að hún leiðir ekki til breytinga á burðarþolsmati og áhættumati Hafrannsóknastofnunar en vísar þó til mótvægisáðgerða og vöktunar sem mikilvægt er að fylgja til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum sjókvíaeldis. Lagt var mat á möguleg áhrif á fjölmarga umhverfisþætti í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda, s.s. íbúa og heilbrigði, atvinnulíf, líffræðilega fjölbreytni, villta stofna laxfiska, náttúruverndarsvæði, ásynd, útivist, fornminjar, kolefnisspor og aðra nýtingu haf- og strandsvæða.

Umhverfisáhrifin eru metin sem neikvæð, jákvæð og óveruleg. Enginn umhverfisþáttur er talinn verða fyrir verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum m.v. fyrirliggjandi upplýsingar. Með því að leggja fram tillögur um mótvægisáðgerðir og vöktun er lagður grunnur að því að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum þess að fylgja eftir burðarþolsmati fjarða og áhættumati erfðablöndunnar, eins og gert hefur verið.

Valkostir sem voru til skoðunar voru lagðir fram til þess að kanna möguleika á að draga úr auknu lífrænu álagi og áhættu á erfðablöndun við íslenska laxastofninn. Miðað við núverandi áhættumat Hafrannsóknastofnunar er talið viðunandi að hafa hámarkslífsmassa af frjóum laxi sem nemur 106.500 tonnum og burðarþol á fjörðum og svæðum upp að 144.500 tonnum. Umhverfismatið leggur ekki til aðrar leiðir varðandi slíkt magn en telur að á næstunni þurfi að skoða ýmsa valkosti til að draga úr áhættunni sem hefur verið fjallað um í tengslum við sjókvíaelði, s.s. , lokaðar kvíar, stærðir seiða, tegundaval og eldi á ófrjóum laxi. Þess ber þó að geta að Hafrannsóknastofnun tekur ekki ákvörðun um útfærslu á öllum fyrrgreindum þáttum en nefnir nokkra sem mögulegar mótvægisáðgerðir í áhættumati sínu.

Vöktun og eftirfylgni

Þrátt fyrir að ekki er talið að burðarþolsmat og áhættumat leiði til verulegra neikvæðra umhverfisáhrifa eru lagðar til margvíslegar mótvægisáðgerðir og vöktun til að draga úr neikvæðum áhrifum. Með umhverfismatsskýrslu er kominn mikilvægur grunnur margvíslegra gagna til þess að fylgjast með líklegum umhverfisáhrifum. Í umhverfismatsskýrslunni er útlistuð þau atriði sem stjórnvöld og Hafrannsóknarstofnun hafa unnið eftir og að sérstaklega þurfi að huga að ástandi sjávar, vakta ár sem eru í nágrenni við eldissvæði og áðgerða til að draga úr hættu á erfðablöndun við íslenska laxastofna. Auk þess er lagður grunnur að þáttum sem þarf að hafa til skoðunar við undirbúning einstakra framkvæmda, s.s. staðarval og staðbundin áhrif á lífríki og ársýnd. Fjallað er um vöktun og mótvægisáðgerðir í kafla 4 í umhverfismatsskýrslu.